

Alþingi

Allsherjarnefnd

Reykjavík, 27. febrúar 2024

**Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingar á réttarfarslöggjöf (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi)**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) fagnar þeim breytingum sem frumvarpsdrögin bera með sér. Telur laganeftnd að þær efnisbreytingar sem þau fela í sér séu ágætt skref í þá átt að færa meðferð mála fyrir dómi til nútímahorfs og skapa forsendur til að nýta tæknilausnir í ríkari mæli í dómskerfinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir innsendingu og framlagningu gagna á rafrænu formi með brottfalli áskilnaðar um pappírform, eintakafjölda, undirritun með eigin hendi og fleira.

Laganefnd er hlynnt þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir, en bendir þó á að það er reynsla margra lögmanna að núverandi tæknilausn til að sinna innsendingu og móttöku gagna, þ.e. hin svokallaða vefgátt dómstólanna, er afar óþjál og erfið í notkun. Bæta þarf verulega úr þessu svo hin nýju ákvæði sem frumvarpið gerir ráð fyrir geti virkað sem skyldi.

Þá gerir laganeftnd ekki athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi varanlega heimild til að mæta fyrir dóm og gefa skýrslur í gegnum fjarfundabúnað. Laganefnd leggur þó áherslu á að meginreglan er eftir sem áður að aðilar máls, jafnt sem vitni, mæti fyrir dóm og líta beri á skýrslutökur í gegnum fjarfundabúnað sem þrönga undantekningarreglu. Á það sérstaklega við þegar um er að ræða sakborninga í sakamálum sem og brotþola, sem alla jafna teljast lykilvitni. Sömu sjónarmið eiga að mati laganeftndar við um skýrslutökur í einkamálum, þegar um er að ræða aðila eða lykilvitni.

Laganefnd bendir í þessu sambandi á úrskurð Landsréttar í máli nr. 455/2023, sem fjallar m.a. um hvort heimild til að taka skýrslu með fjarfundabúnaði geti samrýmst 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. MSE. Í því máli var talið að svo væri ekki, enda yrði að beita heimildinni þröngt (þá bráðabirgðaheimild) í ljósi þess að slík skýrslugjöf fæli í sér undantekningu frá meginreglunni um milliliðalaus málsmeðferð. Þar sem lagafrumvarpið er í reynd að leggja til óbreytt réttarástand að þessu leyti (m.v. 31. desember sl.) hefur úrskurður Landsréttar áfram fordæmisgildi um það mat sem þarf að fara fram í hverju máli þótt heimildin sé til staðar.

## LAGANEFND LMFÍ

Laganefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar sem 32. gr. frumvarpsins ber með sér, sem segir til um nýtt ákvæði, 156. gr. a. í lögum um meðferð sakamála varðandi rafræna birtingu ákæru í stafrænu pósthólfi. Laganefnd tekur undir með þeirri umfjöllun er fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu, varðandi þá leið sem valin er til birtingar og að áskilnaður sé um að móttakandi staðfesti móttöku.

Telur laganefnd að með þeirri breytingu sem orðið hefur á frumvarpinu, frá því að það birtist í samráðsgátt stjórnvalda, sé bætt úr þeim ágöllum sem áður voru fyrir hendi og umsagnir m.a. réttarfarsnefndar bentu réttilega á.

Í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir breytingum á lögum um meðferð einkamála varðandi birtingu stefnu (83. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991) á sama hátt og gert er ráð fyrir framangreindum breytingum varðandi birtingu ákæru. Ekki er að finna skýringar á því í frumvarpinu hvers vegna er ekki ráðist í slíkar breytingar, en að mati laganefndar ætti það að koma til greina, með sömu aðferðarfræði.

Þá fagnar laganefnd sérstaklega fyrirhuguðum breytingum á 117. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991, er varða brottfall áskilnaðar um pappírsform kröfulýsinga við gjaldþrotaskipti og tekur undir nauðsyn þeirra.

Laganefnd leggur skv. þessu til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Þyri Steingrímsdóttir, lögmaður